

Náttúruminjasafn Íslands
02 911

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstremmisyfirlit	5
Skýringar	6

Náttúruminjasafn Íslands

kt. 5207074-0340

Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samsþil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveisir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem viðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmíðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu. Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnaði 18 og málauflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 138,8 milljónir og afkoma kr. -88,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -75,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 147,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Náttúruminjasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Náttúruminjasafns Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hilmar J. Malmquist
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	103.100.000	108.800.000
Vörusala	3	1.492.318	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	13.214.777	120.837.185
Tekjufærsla frestaðra tekna fyri ára	2	<u>21.037.572</u>	<u>20.545.207</u>
Tekjur samtals		<u>138.844.667</u>	<u>250.182.392</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	149.538.263	106.009.540
Annar rekstrarkostnaður	6	56.355.722	46.968.667
Afskriftir	7	<u>21.037.572</u>	<u>20.545.207</u>
Gjöld samtals		<u>226.931.557</u>	<u>173.523.414</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði			
		(88.086.890)	76.658.978
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(9.383)</u>	<u>(6.556)</u>
		<u>(9.383)</u>	<u>(6.556)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(88.096.273)</u></u>	<u><u>76.652.422</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður	130.764.838	149.831.048	
Aðrar eignir	8.681.694	3.506.393	
	<u>139.446.532</u>	<u>153.337.441</u>	
	Fastafjármunir samtals	139.467.337	153.381.079
Veltufjármunir			
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	7.271.423	5.415.074
	Veltufjármunir samtals	7.588.572	5.465.074
	Eignir samtals	147.055.909	158.846.153
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	10	(75.726.273)	87.201.748
	Eigið fé samtals	(75.726.273)	87.201.748
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	257.900.709	89.392.717
Viðskiptaskuldir		4.039.538	3.437.470
Ýmsar skammtímaskuldir	11	10.128.978	7.863.689
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	<u>(49.287.043)</u>	<u>(29.049.471)</u>
	Skuldir samtals	222.782.182	71.644.405
	Eigið fé og skuldir samtals	147.055.909	158.846.153
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins	(88.096.273)	76.652.422	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	21.037.572	20.545.207
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(21.037.572)	(20.545.207)
		(88.096.273)	76.652.422
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(2.123.498)	3.131.222
Tengdir aðilar		87.352.414	(50.234.387)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.867.357	4.572.535
		88.096.273	(42.530.630)
		<hr/> 0	<hr/> 34.121.792
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(7.123.830)	(8.674.849)
		(7.123.830)	(8.728.337)
Fjármögnumnarhreyfingar			
Tengdir aðilar		6.323.830	7.928.337
Fjárfestingarframlag		800.000	800.000
		7.123.830	(25.393.455)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
		<hr/> 0	<hr/> 0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggj kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	103.100.000	108.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	21.037.572	20.545.207
	124.137.572	129.345.207

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	102.400.000	0	0	102.400.000
Millifært úr varasjóð	700.000	0	0	700.000
Fjárveiting til tekna	103.100.000	0	0	103.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(191.196.273)	0	0	(191.196.273)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(88.096.273)	0	0	(88.096.273)

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.492.318	0
	1.492.318	0

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	7.910.777	5.477.929
Ýmsar tekjur	2.104.000	0
	13.214.777	120.837.185

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	121.727.851	83.904.157
Orlof, breyting	1.071.795	2.954.091
Launatengd gjöld	26.422.237	18.822.942
Starfsmannakostnaður	316.380	328.350
	149.538.263	106.009.540
Meðalfjöldi stöðugilda	12,1	10,0

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	343.186	304.556
Byggingarvörur, almennar	2.610	38.959
Byggingarvörur, aðrar	3.438	5.942
Tæki og búnaður til innréttингa	0	65.865
Ýmis tæki og áhöld	57.560	159.064
Orkugjafar	431.600	190.305
Matvæli	556.635	329.551
Almennar rekstrarvörur	<u>247.492</u>	<u>476.754</u>
Vörukaup, almenn	1.642.521	1.570.996
Rannsóknarstofuefní	2.797	58.558
Kennslu- og föndurvörur	111.442	51.777
Ýmsar sérgreindar vörur	<u>147.319</u>	<u>315.456</u>
Vörukaup, sérgreind	261.558	425.791
Fundir, námskeið, risna	647.104	295.930
Ferðir, uppihald	413.545	189.695
Akstur	559.172	429.373
Sérfræðipjónusta	17.906.305	16.122.315
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	23.477	43.906
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.900.573	1.266.737
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>9.610.806</u>	<u>3.025.305</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	34.060.982	21.373.261
	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Samningsbundin kaup og leiga	0	0
Afnotagjöld	1.939.699	1.464.863
Leigugjöld	13.244.064	10.239.576
Notkun véla og flutningatækja	131.434	404.600
Verkkaup	878.941	3.753.817
Kostnaðarhlutdeild	4.096.359	7.735.763
Tryggingar, lögboðnar	98.540	0
Tilfærslur	1.624	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	20.390.661	23.598.619
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>56.355.722</u>	<u>46.968.667</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	20.190.040	20.213.148
Aðrar eignir	824.699	307.199
Niðurfærsla óefnislegra eigna	22.833	24.860
	<u>21.037.572</u>	<u>20.545.207</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	130.764.838	149.831.048
Aðrar eignir	8.681.694	3.506.393
	<hr/>	<hr/>
	139.446.532	153.337.441

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	185.737.350	4.207.510	189.944.860
Viðbætur á árinu	1.123.830	6.000.000	7.123.830
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	186.861.180	10.207.510	197.068.690
Afskriftir 01.01.2021	35.906.302	701.117	36.607.419
Afskrift ársins	20.190.040	824.699	21.014.739
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	56.096.342	1.525.816	57.622.158
Staða 31.12.2021	130.764.838	8.681.694	139.446.532

31.12.2021 31.12.2020

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	257.413.509	89.392.717
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	487.200	0
	<hr/>	<hr/>
	257.900.709	89.392.717

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	87.201.748	44.671.118
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(74.831.748)	(34.121.792)
Afkoma ársins	(88.096.273)	76.652.422
Jöfnuður 31.12.	(75.726.273)	87.201.748

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	8.918.704	7.846.909
Önnur ógreidd gjöld	1.046.120	16.780
Skattar	164.154	0
	<hr/>	<hr/>
	10.128.978	7.863.689

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	139.467.337	153.381.079
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(188.754.380)	(182.430.550)
	<u>(49.287.043)</u>	<u>(29.049.471)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	153.381.079	(182.430.550)	(29.049.471)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	800.000	800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7.123.830	(7.123.830)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(21.037.572)	0	(21.037.572)
	<u>139.467.337</u>	<u>(188.754.380)</u>	<u>(49.287.043)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 20,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnaði til ársloka 2021 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,4 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 3,0 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.